

Fréttabréf Síðuskóla

1. bréf - ágúst - skólaárið 2020-2021



Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Nú er sumarleyfið að baki og munum við hefja skólastarfið með skólasetningu þann 24. ágúst, kennsla hefst svo samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 25. ágúst kl. 8:10. Vegna Covid-19 er enn takmarkaður aðgangur að skólanum fyrir gesti og því mæta nemendur einir á skólasetningu. Vegna takmarkana verða engir stórir viðburðir eða fjölmennir fundir með foreldrum fyrst um sinn. Eins og staðan er í dag þá eru 362 nemendur í skólanum og um 80 starfsmenn. Við bjóðum bæði nýja nemendur og nýtt starfsfólk velkomið í hópinn til okkar.

Við þurfum að hafa að leiðarljósi einkunnarorð skólans ábyrgð, virðingu og vináttu og vera samstíga í að byggja upp framsækin og öflugan skóla þar sem allir eru metnir að verðleikum og líður vel. Við hlökkum til samstarfs við ykkur í vetur.

Með góðri kveðju!

Ólöf, Malli og Helga.

Skólasetning Sýðuskóla 2020

Sýðuskóli verður settur mánudaginn 24. ágúst. Tímasetningar eru sem hér segir:

2. - 4. bekkur kl. 9:00.

5. - 7. bekkur kl. 9:30.

8. - 10. bekkur kl. 10:00.

Nemendur mæta í sínar heimastofur (sjá hér að neðan) og koma síðan á sal með starfsfólki. Vegna takmarkana sem eru í gildi mæta nemendur í 2.-10. bekk einir á skólasetningu. Við getum reiknað með að nemendur verði klukkustund í skólanum.

Foreldrar og nemendur í 1. bekk verða boðaðir sérstaklega í viðtöl hjá umsjónarkennurum 21. og 24. ágúst.





Heimastofur árganga

1. bekkur - stofur 55 og 57
2. bekkur - stofur 52 og 54
3. bekkur - stofur 11 og 12
4. bekkur - stofur 13 og 14
5. bekkur - stofur 25 og 26
6. bekkur - stofur 22 og 23
7. bekkur - stofur 31 og 32
8. bekkur - stofur 45 og 46
9. bekkur - stofur 43 og 44
10. bekkur - stofur 42 og 34

Kennsla hefst klukkun 8:10

Við minnum á að sú ákvörðun var tekin í vor að skólastarf hefst kl. 8:10 og mun skólinn opna kl. 7:45 á morgnana. Nemendur geta mætt í hafragraut á morgnana í boði skólans líkt og undanfarin ár. Einnig er boðið upp á graut í frímínútum fyrir nemendur í 8.-10. bekk.



Heimsóknarreglur í skólann

Foreldrar og aðrir gestir eru vinsamlegast beðnir um að ganga inn um aðalinngang við íþróttahús og þaðan beint til ritara ef þeir eiga nauðsynlegt erindi í skólann. Gestir skulu spritta hendur í forstofu áður en lengra er haldið. Einnig er hægt að hringja í síma 462-2588.

Skráning í Frístund 2020-2021

Innskil dvalarsamninga í Frístund fara fram rafrænt þetta árið til að takmarka gestakomur í skólann.

Tengil á skjalið má finna hér: [Dvalarsamningur](#)

Endilega hafið samband ef einhverjar spurningar eru, síminn í Frístund er 461 3473.

Hlökkum til að heyra frá ykkur!



Umsjónarkennarar skólaárið 2020-2021

- 1. bekkur - Kristín Svanhildur Ólafsdóttir og Kristín Haraldsdóttir
- 2. bekkur - Matthildur Stefánsdóttir og Rannveig Björk Heimisdóttir
- 3. bekkur - Elfa Björk Jóhannsdóttir og Harpa Hermannsdóttir
- 4. bekkur - Margrét Baldvinsdóttir og Sigríður Emilía Bjarnadóttir
- 5. bekkur - Hulda Guðný Jónsdóttir og Alda Stefánsdóttir
- 6. bekkur - Kolbrún Sveinsdóttir og Rainer Jessen
- 7. bekkur - Hrönn Bessadóttir og Katrín María Hjartadóttir

- 9. bekkur - Sigrún Sigurðardóttir og Sonja Björk Dagsdóttir
- 10. bekkur - Einar Logi Vilhjálmsson og Jóhanna Ásmundsdóttir



Dregið úr hættu á COVID-19 kórónuveiru smiti



- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt. Forðast snertingu við augu, nef og munn.



- Hósta og hnerra í krepptan olnboga eða í pappír þegar um kvefeinkenni er að ræða.



- Forðist náíð samneyti við einstaklinga með hósta og almenn kvefeinkenni.



- Sýna aðgát í umgengni við algenga snertifleti á fjölförnum stöðum, s.s. handrið, lyftuhnappa, snertiskjái, greiðsluposa og hurðahúna.



- Heilsa frekar með brosi en handabandi eða faðmlagi.



- Eldið vel kjöt og egg. Forðist að koma nærri lifandi dýrum á markaðstorgum.



Embætti
landlæknis
Directorate of Health